Reykjavíkurborg • Umhverfis- og tæknisvið
*Verkfræðistofa*

07.03.2003

Umhverfis- og heilbrigðisstofa
Mengunarvarnir b.t. Lúðvíks Gústafssonar
Skúlagötu 19
101 Reykjavík

Efni: Skotæfingasvæði á Álfsnesi

Á vegum embættis Borgarverkfræðings er verið að undirbúa það að til bráðabirgða verði hægt að staðsetja æfingasvæði fyrir Skotfélag Reykjavíkur og SKOTREYN-félag skotveiðimanna vestast á norðanveru Álfsnesi, norðan við urðunarsvæði Sorpu.

Á meðfylgjandi teikningu er reitur merktur b-1 fyrir riffilbraut, þar sem skotið verður til vesturs á jarðvegsmön sem staðsett verður vestast í reitnum.
Reitur b-3 er fyrir haglabyssuvelli þar sem skotið verður til norðausturs.
Reitur c-1 er fyrir haglabyssuvelli þar sem skotið verður til norðurs.

Í ljósi þess að aðstaða þessi er ekki hugsuð til frambúðar og vellirnir eru mjög nærri sjó er óskað eftir umsögn um það hvort nauðsynlegt verður að setja jarðvegsdúk þar sem höglin falla, eða hvort nægilegt verður talið að þar verði jarðvegslag sem hægt verður að fjarlægja að notkun lokinni.

Með kveðju,

Magnús Haraldsson

Magnús Haraldsson Verkfræðistofu RUT

Meðfylgjandi í pósti: Loftmynd í kvarða 1:5000 með innteiknuðum reitum fyrir velli.

Afrit sent Ellý K. J. Guðmundsdóttur.

UMHVERFIS-
OG HEILBRIGÐISSTOFA
11. MAR 2003
Málsnr.: 02090364
Bréfalykill: 25.23